Mímir símenntun

Höfðabakki 9, 110 Reykjavík
Sími 580 1800 – mimir@mimir.is – mimir.is

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skrifstofa vinnumarkaðar
Skúlagata 4
101 Reykjavík
frn@frn.is

Reykjavík, 7. október 2026

Umsögn um 102. mál – framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029

Framkomin tillaga að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda felur í sér mikilvægar áherslur á íslenskunám, samfélagsfræðslu, mat á færni og þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði.

Mímir-símenntun hefur áður veitt umsögn um tillöguna, bæði á samráðsstigi og þegar hún var lögð fram á 157. löggjafarþingi. Í þessari umsögn eru ítrekuð þau meginsjónarmið sem þar komu fram og sérstaklega vakin athygli á þeim atriðum sem enn eiga við.

1.1. Íslenskunám verði gert fjölbreytt og markvisst fyrir alla

Tryggja þarf fjölbreytt og aðgengilegt íslenskunám fyrir fullorðna um allt land. Sérstaklega er nauðsynlegt að auka framboð á starfstengdri íslensku og námi á vinnustað. Slík nálgun styður við virkari þátttöku innflytjenda í atvinnulífi og samfélagi og skapar tækifæri til að læra og nota íslensku í daglegu lífi og starfi. Jafnframt þarf að tryggja aðgengi að námi fyrir ólíka hópa og draga úr hindrunum sem tengjast meðal annars kostnaði, skipulagi og sveigjanleika.

Lagt er til að viðurkenndir fræðsluaðilar og símenntunarmiðstöðvar verði tilgreind meðal samstarfsaðila aðgerðinnar. Þar er þegar til staðar mikil reynsla og fagþekking á íslenskukennslu fullorðinna og framkvæmd fjölbreyttra námsleiða.

1.1.b. Stöðupróf í íslensku

Tekið er undir mikilvægi þess að innleidd verði samræmd stöðupróf sem meta færnistig samkvæmt Evrópska tungumálarammanum. Við innleiðingu og framkvæmd stöðuprófanna á landsvísu þarf að tryggja virkt samstarf við fræðsluaðila sem annast íslenskukennslu fullorðinna.

Mikil reynsla og sérþekking á íslenskukennslu fullorðinna og mati á tungumálafærni liggur hjá fræðsluaðilum um land allt. Sú þekking og reynsla þarf að nýtast við framkvæmd og áframhaldandi þróun stöðumatsins.

Tryggja þarf skýrt samræmi milli hæfniviðmiða, stöðuprófa og námsleiða svo niðurstöður stöðumats nýtist nemendum við að finna nám á viðeigandi stigi og styðji við samfellu og framvindu í námi.

1.4. Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk

Fullorðið flóttafólk þarf að hafa raunhæft aðgengi að íslenskunámi og samfélagsfræðslu um land allt og að fræðslan taki mið af ólíkum þörfum þátttakenda. Við framkvæmd aðgerðarinnar þarf að nýta það námsframboð, þá fagþekkingu og þá innviði sem þegar eru til staðar hjá fræðsluaðilum.

Samþætting íslenskunáms og samfélagsfræðslu getur stutt við tungumálanám, skilning á íslensku samfélagi og virkari þátttöku í daglegu lífi. Samfélagsfræðsla þarf jafnframt að skapa vettvang fyrir samtal um réttindi og skyldur, samfélag, menningu og gildi en ekki eingöngu felast í miðlun upplýsinga.

2.2. Raunfærnimat verði nýtt til að meta færni og reynslu innflytjenda með stutta formlega skólagöngu

Raunfærnimat er mikilvægt verkfæri til að meta og viðurkenna færni og reynslu innflytjenda og getur skapað leiðir til áframhaldandi náms og starfa. Tryggja þarf að niðurstöður raunfærnimats séu viðurkenndar og nýtist einstaklingum til áframhaldandi náms og starfsþróunar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) þarf áfram að gegna skýru samræmingar- og eftirlitshlutverki á landsvísu. Slík samræming styður við gæði, jafnræði og traust á niðurstöðum raunfærnimats, bæði innan menntakerfisins og á vinnumarkaði.

2.3. Virkni og tækifæri á vinnumarkaði

Tengja þarf íslenskunám, grunnfærni og starfstengda fræðslu með markvissum hætti. Fræðsla um réttindi, skyldur og vinnustaðamenningu getur stutt við virkari þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði og aukin tækifæri til starfsþróunar.

Símenntunarmiðstöðvar og fræðsluaðilar búa yfir reynslu af starfstengdri fræðslu og samstarfi við vinnustaði, meðal annars við íslenskukennslu, þarfagreiningu og fræðslu sem styður við inngildingu og samskipti á fjölmenningarlegum vinnustöðum. Sú þekking og reynsla getur nýst bæði við fræðslu til innflytjenda og við stuðning og fræðslu til fyrirtækja.

Náms- og starfsráðgjafar símenntunarmiðstöðva búa auk þess yfir sérþekkingu á stöðu markhópsins og veita ráðgjöf um starfsþróun, raunfærnimat og leiðir til frekara náms.

2.4. Opinber störf aðgengileg fyrir alla

Skýrar kröfur um íslenskufærni samkvæmt Evrópska tungumálarammanum geta stuðlað að auknu gagnsæi í ráðningarferlum. Til að slík viðmið nýtist í framkvæmd þarf að tryggja að umsækjendur hafi aðgang að stöðumati sem gerir þeim kleift að þekkja eigið færnistig og finna viðeigandi leiðir til að efla íslenskufærni sína eftir þörfum.

Jafnframt er mikilvægt að stjórnendur og aðrir sem koma að ráðningum hafi þekkingu á færnistigum Evrópska tungumálarammans og geti tengt kröfur um íslenskufærni við raunverulegar tungumálaþarfir viðkomandi starfs. Reynslan af fræðslu og samstarfi við opinbera vinnustaði sýnir mikilvægi þess að slík viðmið séu skýr og nýtist með samræmdum hætti í ráðningarferlum.

3.1. Uppbygging fjölbreyttrar og árangursríkrar upplýsingaþjónustu og samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur

Í tillögunni er gert ráð fyrir heildarendurskoðun á samfélagsfræðsluefni Vinnumálastofnunar svo það nýtist jafnt almennum innflytjendum og flóttafólki. Við þá vinnu þarf að byggja á þeirri þekkingu og reynslu sem þegar hefur skapast við þróun og kennslu samfélagsfræðslu.

Þar má sérstaklega nefna Landnemann, samfélagsfræðsluefni sem Mímir-símenntun þróaði fyrir Vinnumálastofnun og hefur verið nýtt í kennslu fyrir fjölbreytta hópa. Við endurskoðun efnisins er mikilvægt að nýta reynslu af kennslu þess og leggja mat á hvaða efni þarf að uppfæra, þróa frekar eða aðlaga að þörfum ólíkra hópa.

Símenntunarmiðstöðvar sinna nú þegar stórum hluta markhópsins með íslenskunámi, ráðgjöf og fjölbreyttum námsúrræðum. Sú þekking, innviðir og tengsl við markhópinn þurfa að nýtast við framkvæmd samfélagsfræðslunnar.

Lagt er til að fræðsluaðilar og símenntunarmiðstöðvar verði tilgreind meðal samstarfsaðila aðgerðarinnar og komi að endurskoðun og framkvæmd samfélagsfræðslunnar.

3.2. Fræðsluhlutverk Vinnumálastofnunar verði eflt

Skýra þarf verkaskiptingu milli Vinnumálastofnunar sem ábyrgðaraðila aðgerðarinnar og þeirra fræðsluaðila sem koma að þróun og framkvæmd fræðslunnar.

Við þróun fræðsluefnis fyrir vinnustaði um menningarnæmni, inngildandi starfshætti og fjölbreytt vinnuumhverfi þarf að tryggja að þekking og reynsla framkvæmdaraðila nýtist. Fræðsluaðilar búa yfir áralangri reynslu af samstarfi við vinnustaði, meðal annars við þarfagreiningu, starfstengda fræðslu og fræðslu við stjórnendur og starfsfólk á fjölmenningarlegum vinnustöðum.

Lagt er til að fræðsluaðilar og símenntunarmiðstöðvar verði tilgreind meðal samstarfsaðila aðgerðarinnar.

Niðurlag

Til að markmið framkvæmdaáætlunarinnar náist er mikilvægt að ábyrgð og hlutverk þeirra aðila sem koma að framkvæmd hennar séu skýr og að byggt verði á þeirri þekkingu, reynslu og innviðum sem þegar eru til staðar innan framhaldsfræðslunnar.

F.h. Mímis-símenntunar

Sólveig Hildur Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri